

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga, Skálatún 2-4-6.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. október 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 1. áfanga, Skálatún 2-4-6. Breytingin felst í að lóð nr. 2-4-6 við Skálatún minnkar og gert er ráð fyrir almennum bílastæðum við gatnamót Skálatúns og Lækjartúns.

Breyting á deiliskipulagi Brekkusíðu.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. október 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir bílastæði í Brekkusíðu. Breytingin felst í að bílastæðum fyrir framan Brekkusíðu 16 fækkar úr þremur í tvö og ráðgerð eru fjögur bílastæði framan við lóð nr. 9.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 11. nóvember 2008,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2008